

Skýrsla reiðveganefndar Skugga starfsárið 2011-2012

Nefndina skipa; Arnar Már Gíslason, Bjarni Johansen, Guðmundur Guðsteinsson, Sigurður Arilíusson og Marteinn Valdimarsson sem er formaður hennar.

Fyrsta verkefni nefndarinnar var að fara yfir áætlun um reiðvegagerð og umsóknir um reiðvegafé, uppfæra og ganga frá umsókn um reiðvegafé þessa árs. Nefndin var sammála um að leggja áherslu á að bæta reiðleiðina frá Einkunnum að Langá “Ruðninginn”, og stefnt skuli að því að gera hana þannig að hún geti talist góð allt árið um kring. Einnig að freista þess að fá heimildir og fé til þess að leggja eða hefja lagningu nýs reiðvegar á milli Lækjarkots og Brennistaða.

Skuggi fékk úthlutað 1.375.000 kr. af reiðvegafé og var því nær öllu varið til endurbóta á „Ruðningum“. Ekið var í hann um 300 m³ af mól hann heflaður og efnið brotið. Því verki var lokið um miðjan nóvember. Hefla þarf yfir veginn aftur þegar eitthvað hlánar.

Sótt var til Vegagerðarinnar um fjárveitingu til reiðvegar um Lækjarkot og Brennistaði og fengust til þess 800.000 kr. Samkomulag náðist við eigendur Brennistaða um að leggja reiðveg að mestum hluta innan veggirðingar en hann yrði girtur af. Þess er vænst heimild fáið fyrir reiðvegi í landi Lækjarkots, með sama hætti.

Byrjað var á girðingarvinnunni 24. nóvember, þegar nokkurt frost var komið í jörð, en samt tókst að ljúka við uppsetningu girðingarinnar í landi Brennistaða og hliðs á merkjum. Framkominn kostnaður er kominn í um 400.000 kr. Ekki verður hægt að vinna meira við girðingar í vetur og ekki vitað hvort leggja þarf meira í girðingar. Vegagerðin samþykkti að lengja ræsi í landi Brennistaði og lét vinna það verk. Eftirstöðvum fjárveitinga verður varið til að bera ofan í leiðina, eftir því sem kostur er.

Borgarnesi, 4. des. 2012
Marteinn Valdimarsson